


Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



Reykjavík, 11. maí 2011
Tilvísun: UST20110300093/vgh

Breytingar á deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og nágrenni

Vísað er til bréfs Rúnars Guðmundssonar skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings, dags. 15. mars s.l. Þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og nágrenni. Breytingin hefur áhrif á aðalskipulag í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Framkvæmdin hefur farið í mat á umhverfisáhrifum.

Breytingarnar ná til þess að 1) afmörkun skipulagssvæðisins er breytt til að ná yfir breytta legu Búðarháslínu 1 og nýtt tengivirki við Langöldu 2) iðnaðarsvæði minnkar verulega og eru afmörkuð 4 minni iðnaðarsvæði. Gert ráð fyrir nýju tengivirki á iðnaðarsvæði norðan við Langöldu 3) Námur E1-E3 færast til og stærð þeirra breytist 4) Búðarháslína 1 er færð um 3 km til norðausturs, þar sem hún þverar Tungnaá 5) Landnotkunarflokkurinn „almennt verndarsvæði“ er felldur út þar sem hann á sér ekki skýrskotun í lögum. Örnefni og aðrir kortagrunnar eru uppfærðir í samræmi við ný grunngöng. Að öðru leyti gildir deiliskipulag sem dagsett er 14. febrúar 2001.

Afmörkun skipulagssvæðis – breytt lega Búðarháslínu 1 – nýtt tengivirki við Langöldu

Með breytingunni mun nýtt línustæði liggja frá Búðarhálsvirkjun og að mestu beint í suður yfir Búðarháls og þvert að Hrauneyjafosslínu 1. Línan fer yfir Tungnaá rúnum 2 km austar en áður var gert ráð fyrir. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að þessi breyting hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki matsskyld. Lega Búðarháslínu hefur ekki áhrif á svæðisskipulag miðhálendisins. Samsvarandi breyting er gerð á aðalskipulagi Ásahrepp og Rangárþings ytra. Helstu umhverfisáhrifin af framkvæmdinni verða sjónræns eðlis þ.e. þar sem lína kemur ofan af Búðarhálsi að núverandi háspennulínunum Hrauneyjarfosslínu 1 og Sigöldulínu 3. Mótvægisáðgerðir felast í því að samnýta vegi fyrir virkjun og háspennulínu og umhverfisáhrif þannig minnkuð

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á vegstæði Búðarhálslínu 1 eða við aðrar ofangreindar breytingar er tengjast framkvæmdinni.

Virðingarfyllst



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri



Vilborg G. Hansen
sérfræðingur